

Ljósmyndamaráðon Menningarhúsanna í Kópavogi er fjörugur þrautaleikur fyrir hressa krakka í haustfrí, fjölskyldur þeirra og vini!
Deildu myndunum á instagram og merktu þær #söfnumhausti.

1

SANDUR OG STEINAR

Veldu góða tilfinningu og skrifaðu orðið í sandinn eða með smásteinum.

4

HAUSTLAUF

Safnaðu saman mismunandi haustlaufum í eins mörgum litum og þú finnur og raðaðu þeim upp í fallegt lauflistaverk.

7

SKÝJAMYNDIR

Leggstu á jörðina og horfðu upp í himininn. Hvaða skýjamyndir birtast þér?

10

JAFNVÆGI

Spreyttu þig á skemmtilegri jafnvægisæfingu. Taktu mynd af þér í fullkomnu jafnvægi.

Þú gætir átt von á skemmtilegum vinningum. Góða skemmtun!

2

HAUSTFUGLAR

Horfðu í kringum þig og reyndu að koma auga á fugl eða fugla, t.d. sitjandi í trjám, niðri í fjöru, á tjörn eða á flugi.

5

HOPPAÐU

Prófaðu að hoppa eins hátt og þú getur og láttu taka mynd af þér á meðan þú flýgur.

8

ÚTSÝNI

Komdu þér fyrir á uppáhalds útsýnisstaðnum þínum í Kópavogi. Njóttu stundarinnar, andaðu djúpt og skynjaðu útsýnið.

3

FAÐMAÐU TRÉ

Finndu tré sem þér líst vel á og faðmaðu það að þér.

6

HAUSTKÓRÓNA

Nýttu eyrnaband, húfu eða buff og búðu til kórónu úr því sem þú finnur í náttúrunni.

9

FLIPP Í FRÍI

Finndu þitt gleðiflipp. Hvernig flipp túlkar best þína haustfrísngleði?

11

SKÚLPTÚRAR OG FORM

Finndu form í umhverfinu. Þú getur t.d. safnað ólíkum formum og gert úr þeim skúlptúr.

SÖFNUM
HAUSTI 